

Starfsleyfi fyrir flugeldasýningar árin 2021 til 2024

Heilbrigðisnefnd Austurlands hefur mótttekið umsókn frá Björgunarsveitinni Geisla á Fáskrúðsfirði dags. 21.12.2021 þar sem sótt er um starfsleyfi vegna flugeldasýningar á gamlárskvöld

Starfsemin er starfsleyfisskyld skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Leyfishafi skal einnig hlíta ákvæðum annara laga og reglugerða sem um starfsemina gilda svo sem lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 414/2017 um skotelda og reglugerð nr. 724/2008 um hávaða.

Leyfishafi: Björgunarsveitin Geisli, kt. 471188-2559
Staðsetning: á göngustíg ofan við þorpið á Fáskrúðsfirði
Tímasetning: Kl.21⁰⁰ á gamlársdag, 31. desember

1. Gildis- og ábyrgðarsvið


- 1.1 Leyfið tekur til flugeldasýningar um áramót árin 2021 til 2024 að báðum árum meðtöldum Leyfið veitir heimild til einnar flugeldasýningar ár hvert.
- 1.2 Leyfið er veitt með þeim skilyrðum að ákvæðum gildandi laga og reglugerða um hollustuhætti og mengunarvarnir hverju sinni sé fylgt, ásamt gildandi lögreglusamþykkt og neðangreindum skilyrðum.
- 1.3 Leyfishafi er ábyrgur fyrir því að ákvæðum starfsleyfis sé fylgt.

2. Skilyrði

- 2.1 Leyfi Heilbrigðisnefndar Austurlands er skilyrt því að fyrir liggja endanlegt leyfi lögregluyfirvalda fyrir sýningunni.
- 2.2 Skylt er að haga allri háværrí starfsemi þannig að valdi sem minnstu ónæði.
- 2.3 Óheimilt er að hefja skoteldasýningu ef vindátt eða veðrátt er óhagstæð að mati lögreglu.
- 2.4 Sjá skal um að skotsvæðið sé hreinsað sem fyrst að sýningu lokinni og úrgangi komið í viðeigandi förgun.

28. janúar 2022

f.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands,



Leifur Þorkelsson

heilbrigðisfulltrúi



28. janúar 2022

Greinargerð um útgáfu starfsleyfis fyrir flugeldasýningu á Fáskrúðsfirði

Umsókn um starfsleyfi fyrir flugeldasýningu á Breiðdalsvík um áramót barst þann 21. desember 2021. Umsækjandi er Björgunarsveitin Geisli, kt. 471188-2559.

Málsmeðferð við vinnslu starfsleyfisins hefur verið í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 550/2108 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Tillaga að starfsleyfi var útbúin og auglýst á heimasíðu HAUST þann 21. desember sl. og fjögurra vikna frestur til athugasemda rann því út þann 18. janúar sl.

Þar sem umsagnarfrestur um tillöguna var ekki liðinn á gamlársdag árið 2021 var sótt um undanþágu frá starfsleyfi og veitti Umhverfis- og auðlindaráðuneytið slíka [undanþágu](#) þann 21. desember 2021

Engar athugasemdir bárust við tillöguna innan auglýsts frests. Starfsleyfi er því hér með gefið út.

Virðingarfyllst,

HEILBRIGÐISEFTIRLIT
AUSTURLANDSSVÆÐIS

Leifur Þorkelsson
heilbrigðisfulltrúi

Samkvæmt 1. mgr. 65. gr. Laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir er heimilt að vísa ákvörðun heilbrigðisnefndar í máli þessu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamál fer skv. lögum nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Kæra til nefndarinnar frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunarinnar. Frestur til að vísa málinu til úrskurðarnefndar er einn mánuður frá því að kæranda varð kunnugt eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina. Kæra skal vera skrifleg og undirrituð.